

# LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 25. febrúar 2022.

Mál nr. 444/2021:

## Ákærvaldið

(Guðrún Sveinsdóttir, settur saksóknari)

gegn

X

(Björgvin Jónsson lögmaður)

(Inga Lillý Brynjólfssdóttir réttargæslumaður)

## Lykilorð

Manndráp. Tilraun. Brot í nánu sambandi. Vitni. Sönnun. Milliliðalaus málsmeðferð.

## Útdráttur

X var sakfelldur fyrir tilraun til manndráps og stórfellt brot í nánu sambandi með því að hafa veist að eiginkonu sinni, A, ógnað lífi, heilsu og velferð hennar með því að stappa ítrekað á hægri hlið líkama hennar með þeim afleiðingum að A hlaut mörg rifbrot, mar á lifur, áverkaloftbrjóst, áverkahúðbedspembu, mar á lunga og áverkafleiðruholsblæðingu. Í dómi Landsréttar var vísað til þess að hending ein hafi ráðið því að árásin hafi ekki verið lífshættuleg, atлага X hafi verið ofsafengin og hún hafi falið í sér síendurtekin högg. Af þeim sökum var lagt til grundvallar að X hafi ekki getað dulist að bani gæti hlotist af hinni ofsafengnu atlögu sem hann gerði að A. Var brot hans því talið varða við 211. gr., sbr. 20 gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Á grundvelli verknaðarlýsingar 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga var ákvæðinu beitt samhliða 211. gr., sbr. 20. gr. sömu laga og var X því jafnframt sakfelldur fyrir brot gegn 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b laganna. Með hliðsjón af 1., 2., 3. og 6. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga þótti refsing X hæfilega ákveðin fangelsi í sex ár. Þá var X gert að greiða A 2.500.000 krónur í miskabætur.

## Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Jón Höskuldsson, Kristbjörg Stephensen og Símon Sigvaldason.

## Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Ríkissaksóknari skaut málinu til Landsréttar 21. júní 2021. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 25. maí 2021 í málinu nr. S-[...]/2021.
- Ákærvaldið krefst þess að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og að refsing hans verði þyngd.

- 3 Ákærði krefst aðallega sýknu af kröfum ákærvaldsins en til vara að refsing hans verði milduð frá hinum áfrýjaða dómi. Þá krefst ákærði þess aðallega að skaða- og miskabótakröfum brotþola verði vísað frá dómi en til vara að þær verði lækkaðar.
- 4 Brotþoli, A, krefst þess aðallega að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð 5.000.000 króna auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 31. janúar 2021 til 10. júní 2021 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Auk þess krefst brotþoli þess að viðurkennd verði skaðabótaskylda ákærða vegna líkamstjóns sem hún hlaut 31. janúar 2021. Til vara krefst brotþoli þess að niðurstaða hins áfrýjaða dóms um ákvörðun miskabóta og viðurkenningu á skaðabótaskyldu ákærða vegna líkamstjóns brotþola verði staðfest.
- 5 Fyrir Landsrétti voru spilaðar upptökur af framburði ákærða fyrir héraðsdómi sem og af framburði vitnanna B réttarmeinafræðings, C sérfræðilæknis sem og vitnisins D. Eins var spiluð upptaka af framburði brotþola hjá lögreglu er gerð var á slysadeild sunnudaginn 31. janúar 2021.
- 6 Ákærði gaf viðbótarskýrslu fyrir Landsrétti. Fyrir Landsrétti ítrekaði ákærði þá fullyrðingu sína að hann myndi ekki atvik þeirrar nætur sem um ræddi sökum ölvunar og minnisleysis. Hefði ekkert rifjast upp um þessi atvik frá því að ákærði gaf skýrslu fyrir héraðsdómi. Að því er varðaði staðhæfingu ákærða fyrir héraðsdómi um að brotþoli væri að bera rangar sakir á hann kvaðst ákærði í raun ekkert geta staðhæft um það þar sem hann myndi atvik málsins ekki.
- 7 Fyrir Landsrétt hefur verið lagt vottorð E geðlæknis 29. janúar 2022 vegna brotþola. Þar kemur meðal annars fram það álit geðlæknisins að enginn vafi sé á því að brotþoli hafi fengið alvarlega áfallastreituröskun í kjölfar líkamsárásar sem hún hafi orðið fyrir 31. janúar 2021. Væri hún með dæmigerð einkenni slíkrar röskunar, svo sem endurteknar upplifanir af áfallinu og martraðir sem tengdust atburðinum. Hún hefði sýnt forðunarhegðun og ætti erfitt með að fara á ákveðna staði sem hún tengdi við ofbeldið. Hún hafi verið í afneitun um atburðinn, átt erfitt með að tala um hann og bælt eða reynt að fela tilfinningar sínar. Hún hafi dregið sig inn í skel sína og ætti erfitt með félagsleg samskipti við aðra. Hún væri mjög vör um sig, svæfi illa og væri með ofvirkni í taugakerfinu sem lýsti sér í óstöðugu skaplyndi, reiðiköstum og einbeitingarskort. Við þetta bættist stöðugur ótti við að þessir atburðir gætu endurtekið sig.
- 8 E geðlæknir gaf skýrslu fyrir Landsrétti þar sem hann staðfesti vottorð sitt frá 29. janúar 2022 og greindi frá einstökum þáttum í vottorðinu.

#### **Málsatvik og sönnunarfærsla**

- 9 Árla morguns sunnudaginn 31. janúar 2021 tilkynnti C, sérfræðilæknir á slysa- og bráðadeild Landspítala, lögreglu um komu brotþola á slysadeild þá um nóttina vegna áverka er brotþoli hefði hlotið af hálfu eiginmanns síns. Tilkynnti C lögreglu um

atvikið sökum þess hversu alvarlegir áverkar konunnar voru. Við eftirgrennslan lögreglu kom í ljós að lögreglu hafði ekki verið tilkynnt um atvikið þá um nóttina. Í viðræðum lögreglu við C þennan morgun kom fram að brotþoli hefði komið á slysadeildina um klukkan 1.30 um nóttina. Hún hefði verið viðræðuhæf þrátt fyrir að hún hafi verið undir áhrifum áfengis. Hafi starfsfólk slysadeildar talið að lögreglu hafi verið gert viðvart um málið. Brotþoli hafi komið í fylgd sjúkraflutningamanna en samkvæmt skýrslu þeirra hafi brotþoli greint þeim frá því að ákærði hafi lamið sig eða sparkað í brjóstkassa hennar hægra megin. Brotþoli hafi tjáð hjúkrunarfræðingi á slysadeild og lækni að ákærði hafi skyndilega „misst sig“, ráðist á brotþola og sparkað í bak hennar.

- 10 Samkvæmt því er fram kemur í frumskýrslu lögreglu hafi lögreglumenn, eftir samtalið við C, rætt við brotþola á slysadeildinni. Brotþoli hafi ekki treyst sér til að ræða við lögreglu en þó tjáð þeim að ákærði hafi ráðist á hana. Væri hann líklega í herbergi nr. [...] á [...] þar sem þau hefðu dvalið. Ákærði var í kjölfar þessa handtekinn í herbergi sínu á [...] klukkan 8.43 þennan morgun. Var ákærði látinn blása í áfengismæli klukkan 8.51 sem gaf til kynna að áfengismagn í blóði hans væri 0,77%. Í kjölfar vistunar ákærða í fangaklefa var athugað með tilkynningu um sjúkraflutning þessa nótt. Við þá athugun kom í ljós að samkvæmt upplýsingum frá Neyðarlínunni hefði sjúkrabifreið verið send að [...] laust eftir klukkan 1.00 um nóttina en maður konunnar sem var flutt hafi hringt og gert grein fyrir því að kona hans hefði fengið tak í bakið. Þar sem tilkynningin hefði ekki verið alvarlegri hefði lögreglu ekki verið gert viðvart um málið.
- 11 Lögreglumaður nr. F fór á slysadeild og tók skýrslu af brotþola þennan morgun. Skýrsluna tók hún upp í hljóði og mynd að gættum ákvæðum 117. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og fylgir upptakan gögnum málsins. Þá liggur endurrit skýrslunnar fyrir en samkvæmt því hófst skýrslutakan klukkan 8.50 þennan morgun. Í upplýsingaskýrslu sem lögreglumaðurinn hefur ritað vegna skýrslutökunnar kemur fram að brotþoli hafi sjáanlega verið mjög kvalin. Hún hafi ekki getað sagt mikið um málsatvik annað en að ákærði hafi orðið reiður og stappað ítrekað á hægri hlið líkama brotþola þar sem hún lá á gólfi hjá rúmi við glugga í herbergi sem hún og ákærði hafi dvalið í á [...]. Ekki hafi brotþoli getað staðhæft hve oft ákærði hafi stappað á líkama hennar. Fyrir héraðsdómi lýsti lögreglumaðurinn því aðspurð að hún hafi metið það svo að brotþoli hafi verið í skýrsluhæfu ástandi. Brotþoli hafi verið viðræðuhæf og skilið allar spurningar sem fyrir hana hafi verið lagðar.
- 12 Á meðal gagna málsins er upplýsingaskýrsla lögreglu þar sem gerð er grein fyrir símtali sem ákærði átti við starfsmann Neyðarlínunnar klukkan 1.04 aðfaranótt sunnudagsins 31. janúar 2021. Hljóðupptaka af þessu samtali fylgir gögnum málsins. Í þessu símtali óskar ákærði eftir sjúkrabifreið að [...] vegna eiginkonu sinnar sem finni til í bakinu. Í símtalinu ræðir ákærði í dágóða stund við starfsmann Neyðarlínunnar og ber samtalið þess merki að starfsmaður Neyðarlínunnar er að reyna

að átta sig á því hvers kyns útkallið sé. Í bakgrunni símtalsins heyrir annað veifið í brotþola og er tekið fram í skýrslunni að svo virðist sem brotþoli sé mjög kvalin og að hún emji af sársauka. Í samræmi við spurningar starfsmanns Neyðarlínunnar innir ákærði brotþola eftir því hvort hún sé áttuð á stað og stund og hvar hún finni til. Þá svarar ákærði öðrum spurningum starfsmannsins eins og hversu gömul brotþoli sé og spurningum varðandi sóttkví í tengslum við COVID-19. Eins svarar ákærði almennum spurningum starfsmannsins um heilsufarssögu brotþola. Í eitt skiptið tjáir brotþoli sig um spurningu starfsmanns Neyðarlínunnar sem beint er til ákærða um sögu varðandi bakverki brotþola á þann veg að ákærði hafi verið að berja brotþola. Undir lok símtalsins má greina brotþola segja að hún sé að deyja og að hún geti ekki andað.

- 13 Tekið var blóðsýni úr ákærða klukkan 19.21 sunnudaginn 31. janúar 2021. Samkvæmt niðurstöðu Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði 11. febrúar 2021 mældist ekki áfengi í blóði ákærða.
- 14 G, sérfræðingur á slysa- og bráðadeild Landspítala, ritaði bráðabirgðalæknisvottorð vegna brotþola 31. janúar 2021. Í þeim hluta vottorðsins er ber yfirskriftina „saga“ kemur fram að brotþoli hafi greint frá því að hún hafi verið með maka sínum á [...]. Skyndilega hafi runnið æði á makann og hann ráðist á hana, kastað henni í gólfíð og bæði slegið og sparkað í hægri hlið búks hennar. Höggin hafi verið fleiri en tíu. Samkvæmt þessu vottorði greindist brotþoli með rof á lifur á tveimur stöðum en þó hafi ekki verið merki um virka blæðingu eða skemmdir á meginæðum lifrar. Brotþoli hafi greinst með nokkur rifbrot og loftbrjóst hægra megin. Þá hafi hún greinst með mar á lunga og loft undir húð. Í áliti læknisins er tekið fram að frásögn brotþola komi heim og saman við áverka er hún hafi greinst með. Um hafi verið að ræða harkalega lífshættulega árás. Mildi sé að ekki hafi blætt úr lifrarrofinu en fólki geti blætt mjög hratt út þegar svo beri við. Þá geti loftbrjóst einnig valdið öndunar- og hjartastoppi þegar það stækki.
- 15 Í hinum áfrýjaða dómi er gerð grein fyrir læknisvottorði er C sérfræðilæknir ritaði 15. febrúar 2021 sem og framburði læknisins fyrir dómi. Til viðbótar við það sem fram kemur í héraðsdómi má lesa af læknisvottorðinu að í samantekt og áliti læknisins kemur fram að um alvarlega áverka eftir líkamsárás hafi verið að ræða eða talsvert samfall á lunga, mörg rifbrot og mar á lifur. Áverkar hafi reynst vera stöðugir en hefðu getað verið lífshótandi ef lifraráverki hefði til dæmis rifnað inn í kviðarhol, meira samfall hefði orðið í lunga eða meiri blæðing þar. Að því er framburð læknisins fyrir héraðsdómi varðar er við það að bæta sem rakið er í héraðsdómi að vitnið greindi frá því að áverkar brotþola hafi getað samrýmst því að sparkað hafi verið endurtekið í brjóstkassa hennar hægra megin. Þá gerði vitnið grein fyrir því að brotþoli hafi ekki beinlínis verið í lífshættu eins og ástand hennar hafi verið en um hafi verið að ræða áverka sem mögulega hefðu getað verið lífshótandi ef samfallið hefði verið meira, blætt hefði inn á brjóstholið eða æð rifnað þannig að það hefði orðið meiri blæðing

inn í brjóstholið eða lifraráverkinn rifnað. Lifrin væri blóðrík og rifnaði auðveldlega. Áverki á lifur þar sem blæddi inn í kvið gæti verið mjög alvarlegur. Síðan væru slagæðar meðfram rifjum sem einnig gætu rifnað og blætt úr við rifbrot. Það væri tilviljun sem réði því hvort áverkar eins og brotaþoli hlaut yrðu lífshættulegir eða ekki. Læknirinn kvaðst hafa skoðað brotaþola umræddan morgun. Brotaþoli hafi fengið verkjalyfið parkóðín eftir komu eða um klukkan 2.00 um nóttina og parkóðín forte um klukkan 3.00. Síðar um nóttina eða klukkan 4.20 hafi henni verið gefið morfín vegna verkja. Morgunvaktin hafi síðan gefið brotaþola oxynorm. Morfíngjöfin hafi hins vegar ekki gert það að verkum að brotaþoli hafi verið óhæf til skýrslugjafar.

- 16 Í hinum áfrýjaða dómi er gerð grein fyrir réttarlæknisfræðilegri skoðun B réttarmeinafræðings sem og skýrslu hans fyrir héraðsdómi. Að því er skýrslu hans fyrir héraðsdómi varðar er þess að gæta að vitnið greindi frá því að þeir áverkar er brotaþoli hafi greinst með væru þess eðlis að þeirra væri að vænta eftir stapp á líkama en stapp gæfi töluvert mikinn kraft og mikinn þunga. Líklegt væri að um fleiri en eitt stapp hefði verið að ræða. Undir áverkastaðnum væru lungun staðsett. Rifbein þar yfir hafi brotnað og mögulega stungist inn í lunga með þeim afleiðingum að lunga féll saman og myndaði loftbil. Það eitt væri alvarlegt ástand. Síðan væri lifrin staðsett undir neðri hluta rifjakassans og væri hún mjög blóðmikið líffæri. Ekki þyrfti mikið að hrófla við henni til að hún rofnaði en þá yrði mikil blæðing. Áverkar brotaþola hafi getað orðið lífshættulegir. Bæði loftbrjóst og mar á lifur væru áverkar sem gætu þróast út í það að vera lífshættulegt ástand, annars vegar í formi öndunarbílunar og hins vegar í formi lífshættulegrar blæðingar inn í kviðinn. Svo virðist sem lifrarhýðið hafi haldið sér en það væri mjög þunnt og rofnaði frekar léttilega. Ef það hefði rofnað hefði orðið blæðing út úr lifrinni og inn í frían kvið. Lifrarvefurinn hafi haldið og mætti ætla að það hafi verið fyrir heppni. Áverkar brotaþola hafi orðið við högg á afmarkaðan stað á bolnum. Áverkastaðurinn hafi verið staðbundinn og verði að ætla að kraftinum eða högginu hafi markvisst verið beitt á brjóstakassann. Aðrar hugsanlegar skýringar sem fælu í sér álíka mikinn kraft væru til dæmis að falla niður hæð, falla niður stiga, lenda í umferðarslysi eða eitthvað viðlíka.
- 17 Í hinum áfrýjaða dómi er gerð grein fyrir framburðum sjúkraflutningamanna er fluttu brotaþola á slysadeild. Þar er þess ekki getið að sjúkraflutningamaðurinn H lýsti því við skýrslugjöf hjá lögreglu daginn eftir sjúkraflutninginn að sér hafi fundist ákærði vera áttaður á stað og stund og að hann hafi verið með fulla meðvitund. Hafi vitninu fundist ákærði svolítið ölvaður en annars hafi hann verið nokkuð skýr í kollinum. Á skalanum 1 til 10 hafi ölvunarástand hans sennilega verið á bilinu 6 til 7. Sjúkraflutningamaðurinn I lýsti því hjá lögreglu sama dag og atvik urðu að ákærði hafi verið skýr. Hann hafi verið drukkinn en samt alveg skýr og hafi hann skilið allt sem sjúkraflutningamennirnir hafi sagt við hann. Eins hafi hann svarað öllum spurningum. Hafi hann ekki verið fjarlægur og verið „alveg á staðnum“ og vitað um stað og stund. Á bilinu 1 til 10 hafi ölvun hans sennilega verið 7,5 til 8.

## Niðurstaða

- 18 Á meðal gagna málsins er hljóðupptaka er áður hefur verið vísað til af samtali ákærða við starfsmann Neyðarlínunnar en samtalið hefst klukkan 1.04 aðfaranótt sunnudagsins 31. janúar 2021. Samtal þetta ber með sér að ákærði hafi verið fyllilega áttaður á stað og stund. Hann svarar spurningum starfsmanns Neyðarlínunnar af yfirvegun og með skýrum hætti og spyr brotþola spurninga í samræmi við tilmæli starfsmanns Neyðarlínunnar. Hér að framan var gerð grein fyrir framburðum sjúkraflutningamanna er fóru að [...] og fluttu brotþola á slysadeild. Svo sem þar var lýst mat H ástand ákærða þannig að honum hafi fundist ákærði vera áttaður á stað og stund og að hann hafi verið með fulla meðvitund. Hafi vitninu fundist ákærði svolítið ölvaður en annars hafi hann verið nokkuð skýr í kollinum. Sjúkraflutningamaðurinn I mat ástand ákærða einnig þannig að ákærði hafi verið skýr. Hann hafi verið drukkinn en skilið allt sem sjúkraflutningamennirnir hafi sagt við hann. Eins hafi hann svarað öllum spurningum. Ákærði var handtekinn að morgni sunnudagsins 31. janúar 2021 klukkan 8.43. Var ákærði látinn blása í áfengismæli sem gaf til kynna að áfengismagn í blóði hans væri 0,77%. Með vísan til símtals ákærða við starfsmann Neyðarlínunnar, samskipta hans við sjúkraflutningamenn, mælingar er fram fór á áfengismagni í útöndunarlofti ákærða og þeirrar niðurstöðu geðheilbrigðisrannsóknar að ekki hafi komið fram lækisfræðilegar skýringar á minnisleysi hans, þykir sá framburður ákærða ótrúverðugur að hann muni enga atburði í tengslum við áverka þá er brotþoli hlaut umrædda nótt.
- 19 Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 skal dómur reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Í 3. mgr. 111. gr. kemur fram að dómari meti hvort skýrsla vitnis hjá lögreglu geti haft sönnunargildi í máli þótt vitnið komi ekki fyrir dóminn ef uppfyllt er það skilyrði að ekki hafi verið kostur á að fá það fyrir dóm við meðferð málsins. Í athugasemdum við framangreint lagaákvæði í frumvarpi til laga nr. 88/2008 kemur fram að í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála hafi sambærilegt ákvæði verið skýrt þannig að það ætti við ef vitni, sem gefið hefði skýrslu hjá lögreglu eða öðrum rannsóknaraðila, væri látið eða annars enginn kostur að ná til þess. Þá segir í athugasemdum við 3. mgr. 111. gr. í frumvarpinu: „Hæstiréttur hefur litið svo á að orðalagið „þess er ekki kostur“ geti tekið til þess þegar vitni er svo alvarlega veikt að það gæti stofnað heilsu þess í hættu að koma fyrir dóm til skýrslugjafar [...]. Einnig gæti orðalagið átt við það ef vitni væri horfið og ekki væri vitað hvar það væri niður komið eða það neitaði að gefa skýrslu fyrir dómi skv. 117. gr. frumvarpsins. Framburður vitnis, sem hefur gefið skýrslu hjá lögreglu eða öðrum stjórnvöldum, án þess að það hafi komið síðar fyrir dóm, hefur þó sjaldnast jafnríkt sönnunargildi og ella væri. Í því efni skiptir m.a. máli hvort skýrsla vitnis hafi verið tekin á myndband eða mynddisk, svo og hvort verjandi hafi verið viðstaddur skýrslutöku.“
- 20 Brotþoli skoraðist undan því að gefa skýrslu í héraði og fyrir Landsrétti, sbr. heimild a-liðar 1. mgr. 117. gr. laga nr. 88/2008. Liggur því fyrir að ekki var kostur á að fá

hana til þess að gefa skýrslu fyrir dómi í skilningi 3. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008. Samkvæmt því metur dómurinn að gættum ákvæðum 111. gr. laga nr. 88/2008 hvort skýrsla hennar hjá lögreglu 31. janúar 2021, sem tekin var upp í hljóði og mynd, hafi sönnunargildi í málinu og hvert það sé, sbr. hér til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 1. febrúar 2007 í máli nr. 40/2006.

- 21 Samkvæmt 70. gr. stjórnarskrárinnar ber öllum réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Í d-lið 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, segir að hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skuli njóta réttar til að spyrja eða láta spyrja vitni sem leidd eru gegn honum. Jafnframt greinir í ákvæðinu að séð skuli um að vitni, sem bera honum í vil, komi fyrir dóm og séu spurð á sama hátt og þau vitni sem leidd eru gegn honum.
- 22 Þau réttindi sem mælt er fyrir um í 111. gr. laga nr. 88/2008 eru mjög þýðingarmikill hluti af rétti sakbornings til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi í skilningi 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans. Jafnframt styðst réttur vitnis til að skorast undan því að bera vitni gegn nákomnum aðila, sbr. 1. og 2. mgr. 117. gr. laga nr. 88/2008, við þýðingarmikil rök sem lúta að því að ekki sé rétt að gera þá kröfu til vitna að þau beri vitni um atriði sem geta leitt til sakfellingar nákominna. Þegar metið er hvort unnt sé að líta til skýrslu vitnis sem gefin var hjá lögreglu, þótt vitnið hafi fyrir dómi neytt réttar síns samkvæmt 117. gr. laga nr. 88/2008 til að skorast undan skýrslugjöf, verður þó að skoða málsmeðferðina í heild. Við það mat ber að horfa til réttinda sakborninga og vitna en einnig þeirra almannahagsmuna og hagsmuna brotþola sem felast í saksókn vegna refsiverðrar háttsemi, sbr. dóm Mannréttindadómstóls Evrópu 15. desember 2015 í máli Schatschaschwili gegn Þýskalandi, mgr. 100 til 101. Samkvæmt öllu framangreindu verður að meta hvort málsmeðferð fyrir dómi tryggi í heild nægilega rétt ákærða til að halda uppi vörnum og hnekkja sönnunargögnum sem ákæruvaldið byggir sakargiftir á. Í því sambandi skiptir miklu hvort framburður brotþola hjá lögreglu sé sönnunargagn sem ráðið getur úrslitum við mat á sekt ákærða, sbr. dóm Mannréttindadómstóls Evrópu 15. desember 2011 í máli Al-Khawaja og Tahery gegn Bretlandi, mgr. 119.
- 23 Rannsóknarlögreglumaður sem tók skýrslu af brotþola klukkan 8.50 að morgni sunnudagsins 31. janúar 2021 staðfesti fyrir héraðsdómi að hún hafi talið brotþola í því ástandi að unnt væri að taka af henni skýrslu. Þá kom fram hjá C sérfræðilækni að brotþoli hafi fengið verkjalyfin parkóðín og parkóðín forte eftir komu á slysadeild og að síðar um nóttina hafi hún fengið morfín vegna verkja. Morfíngjöfin hafi hins vegar ekki gert það að verkum að brotþoli hafi verið óhæf til skýrslugjafar. Sem fyrr var rakið var skýrsla brotþola hjá lögreglu tekin upp í hljóði og mynd og hefur dómurinn horft á þessa upptöku. Ber upptakan þess merki að brotþoli hafi verið illa haldin af verkjum en framburður hennar er hins vegar skýr um meginatvik málsins.

Verður ekki fallist á þá niðurstöðu hins áfrýjaða dóms að brotþoli hafi ekki verið hæf til skýrslutöku þegar skýrslutakan fór fram.

- 24 Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest niðurstaða hans um að ákærði verði sakfelldur fyrir að hafa veist að brotþola með því að stappa ítrekað á hægri hlið líkama hennar með þeim líkamlegu afleiðingum sem í ákæru greinir.
- 25 Í dómaframkvæmd hafa dómstólar fellt undir tilraun til manndraps árás sem ekki var lífshættuleg, eins og á stóð, en hefði getað orðið það ef atlagan, í ljósi þeirra líffæra er í hættu voru, hefði á einhvern hátt verið lítils háttar öðruvísi. Sem dæmi um það má nefna dóm Landsréttar 1. október 2021 í máli nr. 685/2020 og dóm Hæstaréttar 30. maí 2013 í máli nr. 197/2013. Þá hefur í dómaframkvæmd að því er manndráp varðar jafnframt verið litið til þess ofsa er í árás felst og huglægrar afstöðu árásarmanns í því efni, sbr. dóm Landsréttar 3. maí 2019 í máli nr. 783/2018.
- 26 Með vísan til framburða C sérfræðilæknis og B réttarmeinafræðings verður miðað við að atлага ákærða að brotþola hafi beinst að viðkvæmu svæði á líkama hennar þar sem staðsett voru viðkvæm líffæri, svo sem lungu og lifur. Með því að stappa ítrekað á líkama hennar braut ákærði mörg rifbein ofan þessara líffæra. Með vísan til framburða áðurnefndra vitna hefur hending ein ráðið því að árásin varð ekki lífshættuleg eins og á stóð þar sem brotin rifbein hefðu getað stungist í lungu brotþola sem hefðu við það getað fallið meira saman og þannig valdið lífshættulegri öndunarbílun. Eins hafi lifrarhýðið getað rofnað við árásina með tilheyrandi blæðingu úr lifur inn í frían kvið. Þá verður því slegið föstu með vísan til framburða þessara vitna að atлага ákærða hafi verið ofsafengin en vitnin hafa lýst þeim krafti sem beita þurfti til að valda áverkum af því tagi sem brotþoli hlaut. Þá er einnig til þess að líta að árásin fól í sér síendurtekin högg. Þegar þessi atriði eru virt verður lagt til grundvallar að ákærða hafi ekki getað dulist að bani gæti hlotist af hinni ofsafengnu atlögu sem hann gerði að brotþola. Með hliðsjón af því verður ákærði sakfelldur fyrir tilraun til manndraps sem varðar við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
- 27 Brot ákærða er í ákæru jafnframt talið varða við 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga. Samkvæmt tóðu ákvæði getur hverjum sem endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnar lífi, heilsu eða velferð núverandi maka verið gert að sæta fangelsi í 16 ár sé brotið stórfellt. Við mat á grófleika verknaðar skal sérstaklega líta til þess hvort þolandi hafi beðið stórfellt líkams- eða heilsutjón eða bani hlotist af. Á grundvelli verknaðarlýsingar þessa ákvæðis verður því beitt samhliða 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga og verður ákærði því jafnframt sakfelldur fyrir brot gegn 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b laganna.
- 28 Við ákvörðun refsingar er litið til þess er áður er komið fram um hömlulausa atlögu ákærða en að öðru leyti, með hliðsjón af 1., 2., 3. og 6. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga er refsing hans ákveðin fangelsi í sex ár. Gæsluvarðhald sem ákærði

hefur sætt vegna meðferðar málsins kemur til frádráttar refsingu, sbr. 76. gr. sömu laga.

- 29 Ákvæði hins áfrýjaða dóms um miskabætur sem ákærða er gert að greiða brotaþola er staðfest þó þannig að miskabætur til brotaþola eru hæfilega ákveðnar 2.500.000 krónur. Þá er staðfest viðurkenning á skaðabótaskyldu ákærða vegna þess líkamstjóns sem brotaþoli varð fyrir.
- 30 Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest.
- 31 Ákærða verður gert að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns og þóknun réttargæslumanns brotaþola sem ákveðin verða að meðtöldum virðisaukaskatti eins og í dómsorði greinir.

### **Dómsorð:**

Ákærði, X, sæti fangelsi í sex ár. Til frádráttar refsingu kemur óslitið gæsluvarðhald ákærða frá 31. janúar 2021.

Ákærði greiði A 2.500.000 krónur í miskabætur ásamt vöxtum sem í hinum áfrýjaða dómi greinir.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um viðurkenningu á skaðabótaskyldu ákærða og sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, 2.559.879 krónur, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Jónssonar lögmanns, 1.757.700 krónur og þóknun réttargæslumanns brotaþola, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur lögmanns, 697.500 krónur.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 25. maí 2021**

Árið 2021, þriðjudaginn 25. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S- [...] /2021: Ákærvaldið gegn X en málið var dómtekið 10. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru héraðssaksóknara, dagsettri 20. apríl 2021, á hendur:

„X, kennitala [...],  
[...], Hafnarfirði,  
dvalarstaður fangelsið Litla-Hrauni,

fyrir tilraun til manndráps og stórfellt brot í nánú sambandi, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 31. janúar 2021, á hótélherbergi á [...] í Reykjavík, veist að eiginkonu sinni, A, kennitala [...] og ógnað lífi, heilsu og velferð hennar með því að stappa ítrekað á hægri hlið líkama hennar með þeim afleiðingum að A hlaut mörg rifbrot, mar á lifur, áverkaloftbrjóst, áverkahúðbeðspembu, mar á lunga og áverkafleðruholublæðingu.

Telst brot þetta varða við 211. gr., sbr. 20 gr. og 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Hinn 4. maí 2021 gaf héraðssaksóknari út svofellda framhaldsákæru:

„Með skírskotun til 1. mgr. 153. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 er framhaldsákæra þessi gefin út til að bæta við ákæru héraðssaksóknara upplýsingum sem ekki lágu fyrir við útgáfu ákæru þann 20. apríl 2021 á hendur:

X, kennitala [...],  
[...], Hafnarfirði,  
dvalarstaður fangelsið Litla-Hrauni,

Eftirfarandi viðbót er gerð á ofangreindri ákæru:

*Einkaréttarkrafa:*

Af hálfu A, kt. [...], er þess krafist að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð 5.000.000,- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 31. janúar 2021, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt til greiðsludags. Þá er þess krafist að viðurkenni verði skaðabótaskylda ákærða vegna líkamstjóns sem hún varð fyrir þann 31. janúar 2021, sbr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Jafnframt er þess krafist að ákærði verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

Verjandi ákærða krefst sýknu og að bótakröfu verði vísað frá dómi. Til var er krafist vægustu refsingar sem lög leyfa og að bótakrafa sæti lækkun. Málsvarnarlauna er krafist samkvæmt tímaskýrslu.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu barst hinn 31. janúar 2021 tilkynning frá lækni á slysadeild Landspítala–Háskólasjúkrahúss í Fossvogi sem sagði að kona hefði komið um nóttina með áverka af völdum eiginmanns síns. Í ljós kom að málið hafði ekki komið á borð lögreglu. Lögreglan ræddi við lækni og leiddi það til þess að ákærði, sem þá dvaldi enn á [...], var handtekinn vegna sakarefnisins sem í ákæru greinir.

**Nú verður rakinn framburður ákærða og vitnisburður fyrir dómi og hjá lögreglu eins og ástæða þykir.**

Ákærði neitar sök og kvaðst ekki muna eftir atburðum á [...]þessa nótt. Hann kvað þau A, eiginkonu sína, hafa farið að heiman 30. janúar sl., keypt áfengi í Hafnarfirði og eftir það hefðu þau farið á [...]milli klukkan tvö og þrjú þennan dag, en tilefnið hefði verið að gera sér glaðan dag af tilefni sem hann lýsti. Þau hafi gengið um miðbæinn og farið aftur upp á hótél uns þau fóru út að borða milli klukkan sex og sjö. Hann mundi ekki nafn veitingastaðarins þar sem þau borðuðu, en hann kvaðst ekkert muna eftir að þau fóru þaðan út uns lögreglan kom morguninn eftir og handtók hann vegna heimilisofbeldis, að hann minnti. Hann kvaðst ekki hafa spurt hvar kona hans væri er hann ræddi við lögregluna, þótt hann hefði hugsað um það hvar hún væri. Hann kvaðst ekkert muna hvað gerðist á hótelinu og ekkert hafa rifjast upp fyrir sér og ekkert skýri minnisleysið annað en áfengisneysla. Ákærða var gerð grein fyrir upptökum eftirlitsmynda af hótelinu þar sem hann sést ganga nakinn um ganga hótelsins og gat hann ekki skýrt þetta og kvað ólíkt sér að gera þetta. Hann kvað ekkert ósætti hafa verið milli þeirra A þennan dag eða dagana á undan og hann kvað það hendingu að þau hefðu rifist þann tíma sem þau hefðu verið saman. Hann kvað útilokað að hann hefði ætlað að deyða A konu sína. Spurður um átök milli þeirra í gegnum tíðina nefndi ákærði eitt tilvik er hann vísaði fólki út af heimilinu er hann kom heim úr vinnu, en aldrei hefði komið til

átaka milli þeirra A og kannaðist hann ekki við gömul atvik sem borin voru undir hann og ekki verða rakin hér. Ákærði kvaðst muna atburði vel þar til hann fór af veitingastaðnum, en hann kvaðst telja sig hafa drukkið um fjóra til sex bjóra áður en hann fór á veitingastaðinn þar sem hann kvaðst hafa drukkið tvo bjóra og tvö skot og ekkert muna, eins og rakið var. Hann kvaðst oft hafa drukkið meira áfengismagn en þetta kvöld og ekki misst minnið eins og gerðist í þetta skipti. Fyrir liggur að ákærði hringdi í Neyðarlínu þessa nótt og kallaði á aðstoð vegna A. Upptakan var leikin í réttarhaldinu en ákærði kvaðst ekkert muna og það rifjaði ekkert upp fyrir sér þótt í bakgrunni heyrist A segja að ákærði hafi lamið hana. Ákærða var gerð grein fyrir áverkum sem honum er gefið að sök að hafa veitt A og hann spurður út í tilkomu þeirra og kvaðst hann ekki vita hvað gerðist en hann neiti sök.

Vitnið A, eiginkona ákærða, skoraðist undan vitnisburði á grundvelli 116. gr. laga nr. 88/2008.

Lögreglumaður nr. F kvaðst hafa tekið skýrslu af A á slysadeild. Hún lýsti skýrslutökunni af A, sem hefði verið „mjög verkjuð“ og hún hefði verið verkjastillt og lítið hægt að ræða við hana og hún hefði munað mjög lítið og lítið getað tjáð sig. Spurð hvort A hefði verið undir áhrifum við skýrslutökuna kvaðst hún ekki geta fullyrt það, en komið hefði fram að hún hefði drukkið um nóttina. Hún taldi A hafa verið í skýrsluhæfu ástandi og hún hefði skilið allar spurningar. Fram hefði komið hjá A að hún vildi ekki fylgja málinu eftir. Vitnið staðfesti að hafa gert gátlista vegna heimilisofbeldis sem liggur fyrir meðal gagna málsins.

Lögreglumaður nr. J fór á slysadeild til að athuga með A og ástæðu komu hennar þangað. A hefði liðið illa en hún hefði sagt að maður hennar hefði veitt henni áverkana og maðurinn væri líklega enn á [...]. Lögreglan fór þangað í kjölfarið og var ákærði handtekinn en hann hefði verið þunnur og þreyttur, eins og vitnið bar. Hún lýsti því að ákærða hefði verið greint frá handtöku vegna heimilisofbeldis, en hann hefði verið mjög rólegur og ekki spurt um konu sína eða spurt neitt hvers vegna eða hvað hefði gerst eða hvar kona hans væri. Miðað við ástandið kvað hún þetta hafi lítið út eins og ákærði vissi ástæðuna fyrst hann spurði einskis.

Lögreglumaður nr. K kvaðst hafa farið yfir myndbandsupptökur frá [...] um nóttina sem um ræðir. Hann lýsti því sem þar kom fram. Hann lýsti því er hann sá A koma út úr herberginu og hún hefði borið sig frekar vel. Ákærði hefði komið nakinn út á eftir og endaði þetta með því að hóteltarfsmaður kom og ákærði og A fóru saman inn í herbergi sitt. Einhverju seinna kom A út úr herberginu og hélt um magann og bar sig mjög illa, eins og eitthvað hefði gerst inni í herberginu eftir að þau fóru þangað saman inn. A hefði haldið um magann og lagst niður. Upptakan var skoðuð þangað til sjúkraflutningamenn komu á vettvang en ákærði kom aldrei út úr herberginu á þessu tímabili. Ákærði og A hefðu verið tvö í herberginu á þessum tíma. Hann lýsti því að ákærði hefði verið handtekinn. Vitnið kvað tvö heimilisofbeldismál hafa komið upp á [...] á sama tíma og hann vissi ekki ástæðuna fyrir því að lögregla var ekki látin vita af þessu máli, en mögulega væri misskilningur ástæðan.

Lögreglumaður nr. L ritaði upp símtal ákærða við Neyðarlínu aðfaranótt 31. janúar 2021. Vitnið staðfesti og greindi frá því sem fram kemur á upptökunni, en stundum hefði ekki heyrst vel. Hún kvað A greinilega hafa sagt, er ákærði ræddi við Neyðarlínuvörðinn, „nei, þú varst að berja mig“ og ákærði svarað þá neitandi. Þá heyrist hún á einum stað segja „nei, ég er að deyja.“ Vitnið ritaði skýrslu um þá afstöðu A að hún vildi ekki að málið fengi framgang hjá lögreglu. Hún kvaðst ekki hafa rætt við A um þetta en þetta hefði komið fram við skýrslutöku af henni á slysadeild. Hún kvað það hafa verið mat lögreglu að ekki þyrfti að taka aðra skýrslu af A en þá sem tekin var á sjúkrahúsinu.

Lögreglumaður nr. M kvaðst hafa verið kallaður til vinnu um hádegið þennan dag og eftir að hafa sett sig inn í málið hefði hann tekið skýrslu af ákærða upp úr klukkan 18 sama dag. Hann minntist þess ekki að verjandi ákærða hefði óskað eftir því að tekin yrði blóðprufa og þvagsýni úr ákærða.

Vitnið I, slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður, lýsti komu á vettvang. Hann kvað fólkið í hótélherberginu greinilega hafa verið ölvæð er hann kom þar um nóttina. Hann kvað konu hafa legið í rúminu og sagt við samstarfsmann vitnisins að maðurinn hefði lamið sig. Þeir hefðu þá skoðað A í fljótheitum og ákveðið í framhaldinu að flytja hana út í sjúkrabíl þar sem ekki var lögregla á staðnum, sem oftast væri við þessar aðstæður. Ákærði hefði hlýtt fyrir mælum og sest, en ekki hafi verið rétt mikið við hann. Ákærði hefði sagt að A segði að hann hefði lamið sig, en vitnið kvaðst ekki hafa hlustað mikið á þetta og farið.

Vitnið H var sjúkraflutningamaður á þeim tíma sem í ákæru greinir og kvaðst hafa farið í útkallið sem lýst er og vitnið I bar um. Er hann kom á vettvang hefði maður bent á konu sem lá í rúminu. Hann hefði spurt konuna hvað hefði gerst en þá hefði maðurinn sagt að konan segði hann hafa lamið sig. Eftir þetta breyttist forgangsröðun sjúkraflutningamanna og vildu þeir koma konunni úr þessum aðstæðum sem fyrst, sem varð. Maðurinn gat ekki skýrt það sem komið hefði fyrir, en lítið hefði verið rétt við manninn sem sagðist þó hafa hringt eftir aðstoð að beiðni konunnar. Á leið á sjúkrahús hefði hann spurt A hvað hefði komið fyrir og hún þá sagt að maðurinn hefði lamið sig. Nánar spurð hefði konan sagt að maðurinn hefði sparkað í síðu hennar er hún lá í jörðinni. Hún hafi fundið til víða í líkamanum.

Vitnið D var starfsmaður á [...] á þessum tíma. Hann lýsti því er hann fékk símtal frá gesti hótelsins um klukkan 00:30 og gesturinn hefði sagt að einhver væri að reyna að komast inn í herbergi hans og væri með ljótan munnsöfnuð. Hann hefði þá skoðað eftirlitsmyndavélar og séð nakinn mann standa fyrir fram hótélherbergi gestsins sem hringdi. Hann fór á staðinn til að aðstoða nakta manninn og ekki hafi verið hægt, vegna ölvunar hans, að tala við hann, fá nafn hans uppgefið eða í hvaða herbergi hann dvaldi. Hann kvaðst hafa fundið út í móttökunni að maðurinn dvaldi á herbergi [...]. Á leiðinni í afgreiðsluna kvaðst hann hafa hitt konu mannsins sem einnig hefði verið ölvuð og þá hefði komið í ljós að konan var að leita að manni sínum. Hann hefði síðan farið með konunni og mannum í herbergi þeirra, en er þau hittu manninn hefði konan hlegið að honum og tekið af honum myndir á símann sinn. Maðurinn hefði verið mjög rólegur og fylgt fyrir mælum vitnisins um að fara inn í herbergið. Eftir stutta stund fór hann aftur í móttökuna. Klukkan 01.12 sá hann sömu konu koma út úr herberginu og hefði hún farið þangað inn aftur stuttu síðar. Fjórum mínútum síðar kom konan aftur út og lagðist á gólf. Hann hefði þá farið og reynt að tala við konuna en það hefði ekki verið hægt og hún verið mjög ölvuð, en farið inn og lokað á eftir sér. Hann hefði spurt konuna hvort hún þyrfti aðstoð en hún í raun ekki svarað því. Hann hefði ekki séð neina áverka á konunni, en þau hafi hlegið og andrúmsloftið verið létt á milli þeirra og hann ekki séð nein merki um ofbeldi. Hann fór þá niður í móttöku og sá þá sjúkrabíl kominn fyrir utan og hann vissi ekki hver hringdi eftir aðstoð, en vísaði sjúkraflutningamönnum í herbergið sem konan og karlinn voru í.

Vitnið N kvaðst hafa verið gestur á [...] í herbergi [...] á þessum tíma. Hann lýsti því er hann vaknaði upp við læti og áttaði sig á því að fólk væri að rífast, en hann hefði heyrt köll og háreysti og húsgögn hreyfð úr stað. Hann hefði heyrt bæði karlmanns- og kvenmannsrödd en hann gerði sér ekki grein fyrir því hvaðan hljóðin bárust.

Vitnið O, lyfjafræðingur á rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði, staðfesti matsgerð sem liggur frammi vegna rannsóknar blóðsýnis úr ákærða, en samkvæmt matsgerðinni voru ekki mælanleg ávana- og fíkniefni í blóðinu og áfengi mældist ekki í blóðsýninu. Hún skýrði lyf sem leitað var að og mældust ekki.

Fyrir liggur læknisvottorð A, dagsett 15. febrúar 2021. Í vottorðinu er svofelldur kafli:

**„Greiningar:** Mörg rifbrot, S22.4.  
Mar í lifur, S36.1  
Áverkaloftbrjóst, S27.0

Áverkahúðbeðsþemba, T79.7  
Mar á lunga, S27.3  
Áverkafleiðruholsblæðing, S27.1

Haft var samband við skurðlækna og A lagðist inn á brjóstholsskurðeild. Samkvæmt sjúkraskrá var A talsvert verkjuð í legunni og þurfti talsverða verkjameðferð. Haft var samband við sálfræðipjónustu og fékk hún áfallahjálp. Endurteknar röntgenmyndir sýndu að lungnasamfall gekk til baka en áfram var nokkur vökvi í brjóstholi. Lifrarmar var einnig óbreytt í legunni. Þann 09.02. útskrifaðist A síðan á sjúkrahótel. Fékk síðan tíma í eftirfylgd hjá brjóstholsskurðlæknum þann 16.02.

#### **Samantekt og álit:**

Hér er um að ræða alvarlega áverka eftir líkamsárás, talsvert samfall á lunga, mörg rifbrot og mar í lifur. Þetta eru áverkar sem reyndust vera stöðugir en hefðu getað verið lífshótandi ef til dæmis lifraráverki hefði rifnað inn í kviðarhol, meira samfall hefði orðið í lunga eða meiri blæðing þar.

Reikna má með margra vikna eða jafnvel mánaða bataferli út af þessum áverkum, þá fyrst og fremst verkir sem ættu að fara hægt og rólega batnandi. A mun síðan koma til eftirlits hjá brjóstholsskurðlæknum á göngudeild þann 16.02. nk. Ef óskað er eftir frekari vottorðum hvað varðar gang og horfur er vísað á brjóstholsskurðlækna sem meðhöndluðu A í legunni.“

C sérfræðilæknir skrifaði vottorðið sem hann skýrði og staðfesti fyrir dómi. Hann kvað A hafa komið á slysadeild upp úr miðnætti 31. janúar sl. og sagt hafa verið sparkað í sig, aðallega í brjóstokassa hægra megin. Hann lýsti rannsóknnum sem A fór í og að fimm rif hefðu greinst brotin, samfallið lunga og mar og áverki á lifrartoppi undir þindinni, en ekki hefði blætt í kviðarholið. Hann kvað áverkana geta samrýmst frásögn A af því sem gerðist. Hann kvað A ekki hafa verið í lífshættu eins og ástand hennar var, en hins vegar hefðu áverkarnir verið þannig að þeir gætu verið lífshættulegir og vísaði hann til læknisvottorðsins um þetta og skýrði nánar. C kvað A hafa virkað ölvæða við komu á slysadeildina en ekki hefði verið gerð mæling á áfengi í blóði. C kvað A hafa verið gefin verkjalyf, bæði Parkodín og Morfín, tvívegis, og klukkan 04:20 í síðara skiptið vegna þess að hún hefði verið mjög slæm af verkjum. Spurður hvort A hefði verið viðræðuhæf og vel áttuð um morguninn kvaðst C ekki treysta sér til að fullyrða um það, en hann hefði séð hana við komu og talað við hana þá og saga hennar ekki verið mjög skýr, en hann ræddi ekki við hana undir morgun.

Meðal gagna málsins er skýrsla um réttarlæknisfræðilega skoðun á A og matsgerð. B réttarlæknir vann rannsóknina sem hann skýrði og staðfesti fyrir dómi. Niðurstöðukaflinn er svofelldur:

#### **„Áverkar og ummerki**

Brot gegnum hægri rif 7, 8, 9 og 11 með undirliggjandi loftbrjósti og lifrarmari (sjúkraskrá og röntgenmyndir).

Mör á hægri upphandleggnum (13), vinstri upphandleggnum (16) vinstri framhandleggnum (15) og vinstra handarbakinu (14).

#### **Tilurð áverkanna<sup>1</sup>**

Útlit refbrotanna á hægri hluta brjóstokassans að teknu tilliti til loftbrjóstisins, líklegs mars á hægra lunganu og marsins á lifrinni bendir sterklega til þess að hann hafi orðið fyrir sljóan kraft með breiða ákomu á hægri hluta brjóstokassans. Áverkarnir samræmast því að annar maður hafi stappað á brjóstokassanum, eins og brotaþoli hefur sagt.

Útlit maranna á vinstri upphandleggnum (16), vinstri framhandleggnum (15), vinstri hendinni (14) og hægri upphandleggnum (13) bendir sterklega til þess að þau hafi orðið fyrir sljóan kraft í formi þrýstings eða höggs gagnvart svæðunum. Áverkarnir geta skýrst af, jafnframt eigin slysförum í formi falls á harðar innréttingar eða undirlag, sem höggum annars manns.

#### **Aldur áverkanna<sup>1</sup>**

Útlit áverkanna og eins og þeim er lýst í sjúkragögnum og eins og þeir birtast á röntgenmyndunum samræmist því að áverkarnir hafi komið til hinn 31. janúar 2021 eins og sagt er í gögnum lögreglunnar.

#### **Alvarleiki áverkanna<sup>2</sup>**

Áverkinn á hægri hluta brjóstholans fól í sér samfall á hægri lunganu og mar á hægri lunganu auk mars á lifrinni með blæðingu inn í lifrarvefinn. Áverkar sem þessir eru til þess fallnir að setja viðkomandi í lífshættu enda hætta á alvarlegum öndunartruflunum vegna brjóstholáverkans og blæðingu frá lifrinni inn í kviðarholið með lífshættulegu blóðtapi.

Marblettirnir voru ekki lífshættulegir og er þess að vænta að þeir grói án líkamlegra varanlegra meina.“

B lýsti skoðuninni og að áverkarnir á brjóstokassa og lifur gætu samrýmt því að stappað hafi verið ítrekað á A og líklegur oftari en einu sinni. Hann skýrði hættu sem líffæri voru í samfara svona áverkum, bæði lungu og lifur, og skýrði hann þetta og hættu sem þessu fylgdi. B kvað A hafa fengið meðferð og ekki einsýnt að hún hefði áreiðanlega látist hefði hún ekki fengið lækni meðferð en loftbrjóst eins og varð og mar á lifrinni væru áverkar sem gætu þróast út í að vera lífshættulegt ástand vegna öndunarbilarar eða lífshættulegra blæðinga í kviðinn, sem ekki varð hér. Hann kvað mjög langsótt að svona áverkar gætu hlotist af viljandi sjálfsskaða og skýrði hann það álit sitt. Ósennilegt væri að áverkarnir gætu hafa hlotist við fall á jafnsléttu eða innandyra og skýrði hann þetta nánar.

Fyrir liggur geðheilbrigðisrannsókn á ákærða, dagsett 6. apríl 2021, sem P geðlæknir vann. Niðurstöðukaflinn hljóðar svo:

#### **„Niðurstaða:**

- **Það er niðurstaða matsmanns að það sé ekkert sem bendir til þess að X hafi verið alls ófær um að bera ábyrgð á gjörðum sínum samkvæmt 15. grein almennra hegningarlaga.**
- X er ekki með geðsjúkdóm og ekkert í sögu hans bendir til þess að hann hafi átt við alvarlegan geðrænan vanda að stríða um ævina, eins og geðrof eða geðrofssjúkdóm, ekki fyrir atburð, á meðan á honum stóð eða eftir hann. Heimildir og gögn eru þessu samhljóða.
- Greind X er á tornæmisstigi en ef tekið er mið að aðlögunarfærni þá virðist heildarþroski vera betri en mæling greindarprófs sýnir.
- Ekki koma fram merki um andlegan vanþroska, hrörnun eða rænuskerðingu af þeirri gráðu að þau firri hann ábyrgðar gjörða sinna.
- X skilur reglur og lög samfélagsins og muninn á réttum og röngum athöfnum og afleiðingar þess.
- X var undir áhrifum áfengis þegar meintur atburður átti sér stað. X hefur fyrri sögu um hömluleysi þegar hann er undir áhrifum áfengis. X hefur skert innsæi í afleiðingar áfengisneyslu sinnar.

- X greinir frá að muna ekki eftir atburðarás kvöldsins, þ.e. frá því að þau borðuðu kvöldmat og til morguns er lögregla bankar upp á. Slíkur ómínnishægri samræmist illa því magni áfengis sem X kveðst hafa drukkið.
- Í mati sálfræðings kemur ekki fram að hann hafi sértækan minnisvanda eða sértæka taugasálfræðilega erfiðleika. Sértækt minnisleysi í kjölfar áfalls skýrir ekki minnisleysið þar sem engin önnur geðræn einkenni koma fram. Ekki komu fram aðrar læknisfræðilegar skýringar á minnisleysi en ölvun.
- Matsmaður telur að **16. grein almennra hegningarlaga eigi hér ekki við**. Geðrænu einkenninum sem lýst er í mati þessu eru ekki komin að þeirri gráðu að þau leiði til ósakhæfis. Þau útiloka heldur ekki fangelsisvist eða refsing komi að gagni.“

P skýrði og staðfesti matsgerðina fyrir dóminum. Hún kvað ákærða hafa lýst sambandinu við A sem góðu og teljandi væri á fingrum annarrar handar hversu oft þau hafi rifist. Ekkert kom fram sem benti til þess að ákærði væri reiður út í A. Hún kvaðst ekki hafa fundið aðra skýringar á minnisleysi ákærða en áfengisneyslu hans.

Undir dómsmeðferð málsins voru matsmanni sendar tvær viðbótarspurningar þar sem spurt var hvort þau lyf sem ákærði fékk uppáskrifuð frá heilsugæslu frá hausti 2020 og tilgreind væru í geðheilbrigðisrannsókn gætu haft áhrif á minni hans og áfengisáhrif hefði þeirra verið neytt með því áfengismagni sem hann kvaðst hafa drukkið umrætt sinn og í öðru lagi hvort samspil þessara lyfja og áfengis gæti valdið geðrofi. Vitnið greindi frá svörum við framangreindum spurningum, en niðurstaðan var sú að ekkert skýrði minnisleysi ákærða annað en áfengisáhrif.

### Niðurstaða

Ákærði neitar sök. A, eiginkona ákærða, skoraðist undan vitnisburði á grundvelli a-liðar 1. mgr. 117. gr. laga nr. 88/2008. Tekin var lögregluskýrsla af A kl. 08:50 að morgni sunnudagsins 31. janúar 2021, þar sem hún dvaldi á sjúkrahúsi. Þar kom fram hjá henni að hún vissi ekki nákvæmlega hvað gerðist en ákærði hefði brjálást og stappað ofan á henni þar sem hún lá á gólfinu í herbergi þeirra á [...]og hún hefði grátbeðið hann um að hætta þar sem hann stappaði á hægri hlið hennar. Hún kvaðst lítið muna fyrir árásina og meðan á henni stóð, utan að ákærði hefði ítrekað stappað á henni. Hún mundi ekki hvort þau hefðu verið að rífast og hún vissi ekki til þess að hafa gert ákærða nokkuð.

Skýrslutakan af A var tekin upp í hljóði og mynd og skoðuð undir aðalmeðferðinni. Augljóst er að A var sárkvalin og einnig liggur fyrir, eins og vitnið C sérfræðilæknir bar, að A var mjög kvalin. Hún fékk m.a. morfín vegna þessa. Þá bar lögreglumaður nr. F, sem tók skýrsluna af A, að hún hefði verið „mjög verkjuð“ og lítið hægt að ræða við hana og hún munað mjög lítið og lítið getað tjáð sig.

Það er mat dómsins að A hafi ekki verið hæf til ítarlegrar skýrslutöku á þessum tíma, nema þá til að fá helstu upplýsingar frá henni um það sem hefði gerst. Þrátt fyrir þetta var ekki tekin önnur skýrsla af A undir rannsókn málsins, en augljóst var að það var nauðsynlegt, einkum er í ljós kom að ákærði mundi ekkert eftir því sem gerðist. Þetta vinnulag er aðfinnsluvert. Samkvæmt þessu er vitnisburður A hjá lögreglunni eini vitnisburður um það sem átti sér stað en ákærði man ekkert, eins og rakið var.

Fyrir liggur símtal ákærða við Neyðarlínu þar sem heyra má A segja „nei, þú varst að berjja mig“ og ákærði svarar því neitandi. Þá heyrir hún á einum stað segja „nei, ég er að deyja“. Vísað er til þess sem áður er rakið um þetta, en símtalið liggur fyrir og var leikið undir aðalmeðferðinni. Vísað er til vitnisburðar sjúkraflutningamannanna I og H sem fyrstir komu á vettvang og hafa eftir A að ákærði hefði gengið í skrokk á henni.

Samkvæmt réttarlæknisfræðilegri skoðun og vitnisburði B réttarlæknis koma áverkarnir á A heim og saman við frásögn hennar og hið sama á við um vitnisburð C sérfræðilæknis og er vísað til læknisfræðilegra gagna um þetta sem rakin voru.

Samkvæmt vitnisburði D og upptöku frá hótelinu fóru ákærði og A tvö inn í herbergið. Ekki er öðrum til að dreifa en ákærða sem gætu hafa veitt A áverkana sem lýst er í ákærinni.

Að öllu ofanrituðu virtu er vitnisburður A hjá lögreglu lagður til grundvallar niðurstöðunni en hann fær stoð í gögnum og vitnisburði sem nú hefur verið rakinn. Er samkvæmt þessu sannað gegn neitun ákærða að hann hafi stappað ítrekað á hægri hlið líkama A með afleiðingum sem lýst er í ákærinni. Ekkert liggur fyrir um það hvað ákærða gekk til. A skoraðist undan vitnisburði og verður ekki neinu slegið föstu um það að ákærði hafi ætlað að deyða hana, sem hann hefur neitað að hafi staðið til. Þá liggur fyrir að áverkarnir voru ekki lífshættulegir og vísast til vitnisburðar lækna um þetta og til gagna frá þeim. Að þessu virtu er, gegn neitun ákærða, ósannað að fyrir honum hafi vakað að deyða A og þá eru áverkarnir sem hann veitti A ekki slíkir að hægt sé að slá því föstu, og er vísað til vitnisburðar C sérfræðilæknis og B réttarlæknis um þetta og gagna frá þeim. Ákærði er því sýknaður af broti gegn 211. gr. , sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga en brot hans fært undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr., sbr. 2. mgr., 218. gr. almennra hegningarlaga, svo sem í ákæru greinir.

Ákærði hlaut sex mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn valdstjórninni með dómi 19. mars 2014 og skilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. með dómi 29. júní 1992. Brot ákærða er stórfellt og mjög alvarlegt gagnvart eiginkonu hans. Við refsíákvörðun er vísað til 1., 2. og 3. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Þá auka tengsl ákærða við A á grófleika verknaðarins, sbr. 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, og er það virt til þyngingar refsingar. Ákærði á sér engar málsbætur og þykir refsing hans hæfilega ákvörðuð fangelsi í tvö ár og sex mánuði. Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga skal draga frá refsivistinni óslitið gæsluvarðhald ákærða frá 31. janúar 2021 til dagsins í dag að telja, með fullri dagatölu.

A á rétt á miskabótum úr hendi ákærða á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Eins og málið er vaxið þykja miskabætur hæfilega ákvarðaðar 2.000.000 króna auk vaxta eins og krafist er, en dráttarvextir reiknast frá 10. maí 2021 til greiðsludags.

Með vísan til ofanritaðs og til 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 er viðurkennd skaðabótaskylda ákærða vegna líkamstjóns sem A hlaut 31. janúar 2021.

Ákærði greiði 643.844 krónur í útlagðan sakarkostnað ákæruvaldsins.

Ákærði greiði 630.230 króna réttargæsluþóknun Ingu Lillyjar Brynjólfsdóttur lögmanns, skipaðs réttargæslumanna A.

Ákærði greiði 3.072.695 króna málsvarnarlaun Þorgils Þorgilssonar lögmanns. Tekið hefur verið tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun þóknunar lögmanns.

Anna Barbara Andradóttir saksóknari flutti málið fyrir ákæruvaldið.

Guðjón St. Marteinnsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

#### **Dómsorð:**

Ákærði, X, sæti fangelsi í tvö ár og sex mánuði. Frá refsivistinni skal draga óslitið gæsluvarðhald ákærða frá 31. janúar 2021 til dagsins í dag að telja.

Ákærði greiði A, kt. [...], 2.000.000 króna í miskabætur, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 31. janúar 2021 til 10. maí 2021 en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags. Viðurkennd er skaðabótaskylda ákærða vegna líkamstjóns sem A hlaut 31. janúar 2021.

Ákærði greiði 643.844 krónur í útlagðan sakarkostnað ákæruvaldsins.

Ákærði greiði 630.230 króna réttargæsluþóknun Ingu Lillyjar Brynjólfsdóttur lögmanns, skipaðs réttargæslumanna A.

Ákærði greiði 3.072.695 króna málsvarnarlaun Þorgils Þorgilssonar lögmanns. Tekið hefur verið tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun þóknunar lögmanns.